

Mál nr. 173/2007

M

og

Vátryggingafélagið X vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar

Umferðaróhapp þegar ökumaður missti bifreið sína út af vegi 17.07. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 06.09. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.09. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni var ekið frá Holti til Stokkseyrar þegar ökumaður missti bifreiðina út af veginum þannig að skemmdir urðu á bifreiðinni sbr. fyrirliggjandi gögn. Ökumaðurinn hélt ferð sinni áfram eftir óhappið en eftir um 20 km akstur fann hann hitalykt og eftir það tók hann eftir viðvörunarljósi í mælaborði og upplýsingum í aksturstölvu. Hann stöðvaði bifreiðina, kom í ljós að við útafkeyrsluna hafði vatnskassi bifreiðarinnar skemmt og farið að leka. Afleiðingin varð sú að vélin ofhitnaði og talin ónýt.

Vátryggingafélagið vill ekki bæta tjón á hreyfli bifreiðarinnar því ökumaðurinn hafi sýnt stórkostlegt gáleysi er hann ók bifreiðinni þar til hún missti vélarafl. Félagið vísar og til skilmála um að "félagið bætir ekki skemmdir vegna þess að hreyfill bráðnar saman". Vátryggingafélagð telur að tjónsorsök máls þessa falli ekki undir bótasvið skilmála sbr. 4. gr. Það telur að gera verði kröfu til sérstakrar aðgæslu hjá ökumanni gagnvart mælaborði bifreiðarinnar þegar hann hefur lent í óhappi. Félagið telur ljóst að hitamælir hafi sýnt óeðlilega háan hita, hann hafi hækkað jafnt og þétt. Ef ökumaður hefði sýnt eðlilega aðgæslu og fylgst með mælum hafði hann "öll tækifæri til að stöðva" og slökkva á hreyflinum áður en tjónið varð.

M er ósammála afstöðu félagsins hann telur bótaábyrgð fyrir hendi.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ökumaður bifreiðarinnar sýndi stórkostlegt gáleysi með því að aka bifreið sinni áfram eftir útafakstur án þess að huga betur að ástandi hennar.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð vegna þess tjóns sem varð eftir að bifreiðinni var ekið áfram eftir útafakstur.

Reykjavík 9. október 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.